

R E G L U R
um umgengni í kirkjugörðum Stykkishólsmssóknar
nr. 773/2021.

1. gr.

■ Kirkjugarðar eru friðhelgir samkvæmt lögum og því sérhver hávaði og ys bannaður þar. Öllum er frjálst för um kirkjugarðana með þeim takmörkunum sem af þessum reglum leiðir.

2. gr.

■ Kirkjugarðar Stykkishólsmssóknar eru almennt opnir allan sólarhringinn. Öll umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð nema með sérstöku leyfi kirkjugarðsstjórnar hverju sinni. Hraði ökutækja í gördunum má að hámarki vera 15 km/klst.

3. gr.

■ Öll umferð hunda er bönnuð í gördunum.

4. gr.

■ Hafa skal samband við kirkjugarðsstjórn áður en farið er í framkvæmdir við leiði og/eða minningarmörk. Hægt er að setja sig í samband við kirkjugarðsstjórn á dagvinnutíma virka daga. Upplýsingar um forráðamenn og nefndir eru á vefsíðu Stykkishólmskirkju.

5. gr.

■ Eigi má skilja eftir á leiðum eða götum garðanna mold, jurtaleifar eða nokkuð sem veldur óprýði eða truflun. Allt slíkt skal setja í til þess ætluð ílát eða á til þess ætlaða staði.

6. gr.

■ Óheimilt er að gróðursetja tré á leiði. Hafa skal samráð við kirkjugarðsstjórn um alla gróðursetningu fjölæringa og runnaplantna.

7. gr.

■ Gróður á leiðum er á ábyrgð aðstandenda. Starfsmenn kirkjugarðanna hafa heimild til að snyrta og/eða fjarlægja gróður valdi hann óþægindum eða hættu. Þegar starfsmaður leggur gróf torfi ber að gera slíkt í samráði við aðstandendur eins og framast er unnt.

8. gr.

■Starfsmaður kirkjugarðs sér um að tyrfa gröf. Skal það gert við fyrsta tækifæri þegar eitt ár er liðið frá því að gröf er tekin. Óheimilt er að setja legstein á leiði fyrr en það hefur verið tyrft.

9. gr.

■Ekki má, án leyfis kirkjugarðsstjórnar, fjarlæga neitt af legstæðum, svo sem minnismerki eða aðra varanlega hluti.

10. gr.

■Reglur þessar eru settar að tillögu stjórnar kirkjugarða Stykkishólms, samkvæmt heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 14. júní 2021.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2021.